

Því dæmist rétt vera:

Sýknuákvæði hins áfrýjaða bæjarþingsdóms skal vera óraskað. Áfrýjandi Kristinn Guðnason greiði stefnda Sigurði Sigurðssyni 60 kr. í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagri laga-aðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

Nr. 47/1918.

Oddur Gíslason
 gegn
 Erasmusi Gíslasyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Erasmusi Gíslasyni kaupmanni í Reykjavík, út af meiðyrðum í sóknarskjölum, er stefndi lagði fram í yfirdómi 15. janúar, 12. febrúar, 5. marz, 18. júní og 2. júlí f. á. í máli, er hann höfðaði gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir gæzluvarðhald að ósekju, en áfrýjandi var málfærslumaður verjanda í því máli. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum 14. marz þ. á., var stefndi, samkvæmt 217. gr. hinna almennu hegningarlaga dæmdur í 100 kr. sekt til landsjóðs, en til vara, ef sektin yrði eigi greidd á réttan gjald-

daga, til að sæta 20 daga einföldu fangelsi fyrir eftirgreind ummæli um áfrýjanda:

»Eg hefi ástæðu til að ætla að kæra sú, er kom sakamálsrannsókninni af stað, sé fölsk, og væri það í samræmi við aðrar gjörðir Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar«. »Í stað þess, sem heiðarlegum málafærslumanni sæmði, að neita því, tekur hann skuldabréfið út úr þeim skjölum, sem honum var trúað fyrir, og sýður saman sakamálskæru á mig að öldungis órannsókuðu máli«. »Vörn Odds Gíslasonar er samtýningur af vitleysum, rangfærslum og svívirðingum í minn garð«. »Ósoma þann, er hann lætur sér sæma að bera á borð fyrir yfirréttinn, hvort sem ætla má að hann þykist þekkja, að hann sé ekki matvandur á það góðgæti,« — »vísitandi ósatt,« — »öllu snúið öfugt þó aftur og fram í hundamó« — »eg veit ekki hvort að Páll Jónsson hefir sakað Odd um falskar kærur en réttarskj nr. 17 sannar mér að eitthvað sé bogið við hátterni Odds í þessu máli.« »Alt þetta styrkti mig í þeirri trú að Oddur hefði farið óleyfilega að við útbúning kærunnar.« »Það þarf meiri ósvífn og siðferðisspillingu en eg hugsaði að nokkur ætti til, sem þó hefir þefað svo mikið af mentun að haldast við á háskólanum í Kaupmannahöfn til þess að ljúka þar prófi, til þess að leyfa sér að segja aðra eins vitleysu,« — »þó hann að vísu njóti hylli réttarins meira en verðugt er. En þar sem hann þannig er staðinn að vísitandi ósannindum í málfærslu sinni, krefst eg þess og eg held með réttu að ekkert mark verði tekið á orð-

um hans að neinu leyti,« »Eg veit það vel að Oddur er svo innrættur að hann vill ekki og getur kanske ekki skilið, að hér er um fullkomlega heiðvirð húsa-kaup að ræða, líklega heiðarlegri en hann hefir nokkurn tíma fengist við, en hitt kæmi mér á óvart, ef rétturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar, þegar upplýst er hvernig þetta gekk fyrir sig.« »Oddur fer með vísvitandi ósannindi.« — »Þetta ósanninda þvaður og álygar þeirra félaganna Odds og Sigurðar, þar sem þeir og enda aðrir á þeirra bandi, hafa reynt til að umhverfa heiðarlegum athöfnum í glæp með rangfærzlum og hreinum upp-spuna, er síðar notað til að fódra og breiða yfir þá réttar- og siðferðisspillingu, sem komið hefir í ljós í fari hinna svokölluðu betri manna.« — »Að Oddur sem veit að undir skrift hans ersönnuð eiginhandar-undirskrift, heldur áfram að bera á mig, að eg hafi gjört mig sekan um að falska nafn hans á skulda-bréfið, en þar sannast hið fornkveðna »margur heldur mig sig« — »úrskurðurinn sem ómerkti Odd, en dæmdi Karl Jóhann að sjálfsögðu vitnisbæran, var kveðinn upp. Sýnir þetta enn hvert ómenni Oddur er í þessu máli.« — Venjuleg ósannindi Odds og tilbúningur, sem ekki getur verið annað en vísvitandi.« »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir því fleipri sínu eða standa sem opinber ósannindamaður að þeim orðum sínum, sem svo mörgum öðrum«. — »Þá ber tilraun Odds til að saka mig um þau afgang hans, vott um svo lubbalega kauðalegan hugsunarhátt, að engum menskum manni nema Oddi einum og ef til vill Einari Arnórssyni er trúandi til

svo auðvirðilegrar þrælmensku« — »að sitja á skrif-
sinni stofu og sjóða saman þrælmenskulegar sakargiftir
á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og
illgirni tældra fáfræðinga, en ívafið eigin mann-
vonzku«. — »Guð má vita hvort hann nokkur tíma
vex svo að vizku og skilningi að honum skiljist það.
Ef dæma á eftir afskiftum hans af þessu máli er
næsta lítil von til þess.« — »Það stoðar lítið sæmdar-
manninn Odd« — »sýna hve lítið skyn hann ber á
það, sem hann er að bulla.« — »Oddur garmurinn er
ekki sérlega ærukær, sem eg nú heldur ekki bjóst
við.« — »Það er að vísu meir en eg bjóst við af
Oddi.« — »En hann bætir ekki málstað drengsins með
því, heldur sýnir bara að hann er líka eins og geltinu
deli, sem hleypur þegar húsbóndinn sigar.« — »kæru-
skjali hans, er hann hefir undirskrifað í heimildar-
leysi með nafni annars manns. Sá áburður, sem eg
var settur í varðhald fyrir, á þá rettilega við hann
en ekki mig« — »sérstakt kæruskjal svo áfelliandi
fyrir Odd Gíslason, kæmi það fram, að hann rói að
því öllum árum að fá því skjali stungið undir stól.«
— »hann er ekki sá drengur, að þora að standa við
gjörðir sínar, þegar áherðir« — »að því kemur að
hann vaknar af svefngöngu svikanna« — »en hér
mælir hann enn sem oftast móti betri vitund«
— »nú er hann hræddur og huglaus og þorir við
ekkert að standa,« — »á orðum hans mun enginn taka
mark, hann er auk þess búinn að gera mér verri
búsifjar áður með því að verða þess valdandi með
upplygaáburði sínum, að mér var varpað í fangelsi
að ósekju.« — »Getur vel verið að Oddur hafi verið

þannig úr garði gerður frá Lokinhömrum, að hann hafi ekki haft meðferðis neinar traföskjur undir virðingu sína,« »sem Oddur Gíslason ekki hefir kámað á að þræta fyrir« — »ein af hans nú alkunnu ótérlegu ósannindun« — »ýlfrið í honum eintómt garnagaul« — »þeir eru nú orðnir svo margir bitarnir, sem eg er búinn að stinga upp í hann Odd, að eg tel ekki eftir honum, þó eg láti hann enn þá eta ofan í sig sannleikann um Sigurð Þórarínsson og húsakaupin« — »er það nú forsónin, sem hefir gjört heila manngreysins svo úr garði að hann rúmi enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur. Það þarf ekki einu sinni 18 ár til að koma páfagauk að segja einhverja setningu og því ótrúlegra er það að sá tími skuli ekki hafa verið nægilegur til þess að kenna Oddi, að rétturinn getur ekki bygt á skýrslum, sem víst er um að eru rangar« — »þeir, sem þekkja Odd, geta vel fyrirgefið, þó hann þekki ekki lög landsins og jafnvel þó hann ekki skilji þau, það veit hver og einn að hann gjörir ekki.« »Oddur hefir því ekki breitt yfir glæp Jóns Erlendssonar með þessum kafla í réttarkj. nr. 30, heldur bara dregið upp enn þá hlægilegri skripamynd af sjálfum sér, en hann hefir áður gert. Og eru þær þó margar góðar.« »En sýni hann nú að hann hafi mannhjarta en ekki merarblóð og komi hann nú einu sinni framán að mér, en skjótist ekki bak við önnur ómenni.« — »Fyrst Oddur er svo ósvífinn« — »kæra sú er vísitandi röng« — »venjuleg ósannindi Odds« — »hann er karlmannlegur hann Oddur« — »skríður hann

þak við dómarana og bið þá að lumbra á mér með sektum.«

Með landsyfirréttardómi 13. ágúst f. á. í téðu máli milli stefnda og landssjóðs voru nokkur hinna framan töldu ummæla látin varða stefnda sekt fyrir ósæmilegan rithátt og dæmd dauð og ómerk eftir kröfu áfrýjanda, og voru það þessi ummæli: »Eftir þessari reynslu minni um innræti mannsins, er það fátt, sem eg gæti ekki um hann trúað,« — »eg hef ásæðu til að ætla að kæran, sem kom sakamálsrannsókninni af stað, sé fölsk og væri það í samræmi við aðrar gerðir Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar« — »vörn Odds Gíslasonar er samtíningur af v tleysum, rangfærslum og svívirðingum í minn garð.« — »Það þarf meiri ósvifni og siðferðisspillingu en eg hugsaði að nokkur maður ætti til.« — »Hitt kæmi mér óvart, ef rétturinn tæki staðlausar álygar hans góðar og gildar.« — »Þetta ósanninda þvaður og álygar þeirra félaganna Odds og Sigurðar« — »Sýnir þetta hvert ómenni Oddur er í þessu máli« — »vísvitandi ósannindi fer hann með« — »venjuleg ósannindi Odds.« — »Eg verð að biðja Odd að færa einhver rök fyrir fleipri sínu« — »eða standi sem opinber ósannindamaður« — »að sitja á skrifstofu sinni og sjóða saman þrælmenskulegar sakargiftir á saklausa menn, þar sem uppistaðan er heimska og illgirni tældra fáfræðinga og ívafið eigin mannvonzku« — »Oddur garmurinn,« — »að því kemur að hann vaknar af svefngöngu svikanna,« verða þess valdandi með upplyga-áburði sínum« — »ein af haus alkunnu ótérlegu ósannindum« — »ýlfríð í honum eintómt

garnagaul« — »Er það nú forsjónin, sem hefir gert heila mannsins svo úr garði, að hann rúmar enga heilbrigða hugsun, eða heimskar hann sig svona sjálfur.« — »En sýni hann nú að hann hafi mannsblóð, en ekki merarhjarta «

Hin önnur ummæli, sem að framan eru greind, voru með bæjarþingsdómnum dæmd dauð og ómerk, samkvæmt 220. gr. hegningarlaganna. Ennfremur var stefndi sektaður um 30 kr, helminginn í landssjóð og helminginn í bæjarsjóð Reykjavíkur, fyrir ósæmilegan rithátt, sem sé þessi ummæli: »Eg hafði heyrt þess getið, að yfirréttur af handahófi ómerkti réttmæt ummæli, án þess svo mikið sem að ihuga, hvað lægi til grundvallar fyrir þeim. Eg vildi að yfirrétturinn hlypi ekki á sig hér eins og annarsstaðar.« — »Stefndi er víst ekki vanur að segja vísitandi satt« — »framkoma og aðgerðir stefnanda meðal hinna ógeðslegustu hneyxla í islenzku réttar-fari« — »Oddur skinnið« — »fleipri þeirra kumpána« — »gjörsamlega óleyfilegt að taka orð hans trúanleg.«

Svo var og stefnda gjört að greiða áfrýjanda 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. ág. þ. á., og eru kröfur hans þær, að stefndi verði látinn sæta laganna þyngstu refsingu fyrir öll hin átöldu móðgunar- og skammarrýði, og dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi, en að bæjarþingsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur.

Stefndi krefst þess hins vegar að verða sýknaður af öllum kröfum og kærum áfrýjanda, og mótt-

mælir því að nokkurt hinna umstefndu ummæla verði dæmt dautt og ómerkt. En með því að hann hefir ekki gagnáfrýjað málinu, verður engin breyting gjörð á dómnum eftir kröfu hans.

Áfrýjandi hefir, svo sem nú var getið, aðeins krafist þeirrar breytingar á dómnum að refsingar-ákvæði hans verði hert, og kemur þá sú ein krafa til álita fyrir yfirdóminum, og með því að framan-greindar sakargiftir, ókvæðisorð og smánaryrði um áfrýjanda eru svo freklega meiðandi og móðgandi, þykir eiga að taka þessa kröfu hans til greina, þannig, að sektin, sem stefnda ber að greiða, sé ákveðin 200 kr. og vararefsingin 40 daga einfalt fangelsi. Að öðru leyti ber að staðfesta bæjarþings-dóminn eftir kröfu áfrýjanda. Svo ber og stefnda eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 60 kr.

Í varnarskjali fyrir yfirdóminum fer stefndi þessum orðum um undirdómarann: »Eg hefi séð nokkra af dómum þessum (sic) dómara Vigfúsar Einarssonar og eru þeir flestir með sama marki: þá virðist skorta bæði lögfræðilega og rökfræðilega undirstöðu. Það er til gamalt orðtak: Sleggjudómur, og mér virðist að Vigfús þessi gjöra það, sem í hans valdi stendur, til þess að það orðtak gleymist ekki«. »Um allt þetta segir hinn vísi Salómon, sem hér ber nafnið Vigfús«, »rek eg mig enn á það, sem virðist hér lendum dómurum svo eiginlegt, að láta óheiðarlegan verknað og jafnvel beina glæpi óátalið, en hlaupa upp með refsivöndinn og láta hann dynja á þeim, sem eru

svo hreinskilnir, að nefna verknaðinn með réttu nafni«. »Hér, eins og yfir höfuð alstaðar í dómnum, minna orð dómarans mig á orð kerlingarinnar: klipt var það, skorið var það«. »Mér virðist því að hinn visi Salómon hafi látið spekina blunda meðan hann samdi hér að lútandi atriði dómsins«. »Eg veit ekki hvort hér er að ræða um vísitandi rangfærslu eða óafsakanlega léttúð í meðferð sannleikans.« »Eg hef lengi haft grun um það, að hin hljómfagra setning, að allir séu jafnir fyrir lögnum, væri dauður bókstafur. Og meðferð Vigfúsar Einarssonar á ummælum okkar Odds og athöfnum, sýnir, að hann að minsta kosti vill ekki blása lífi í þann bókstaf«. »Eg get ekki að því gert að kalla það að fara óráðvandlega með sannleikann« — »að dómariinn fer, jeg held vísitandi rangt með«. Fyrir þennan ósæmilega rithátt verður stefndi að sæta sekt, sem ákveðst 50 kr. og renni að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjar-sjóð Reykjavíkur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómnum skal óraskað, þó svo, að sektin fyrir meiðyrðin ákveðst 200 kr. og vara-refsingin 40 daga einfalt fangelsi. Stefndi, Erasmus Gíslason, greiði ennfremur 50 kr. sekt, að hálfu í landssjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur. Svo greiði hann og áfrýjanda Oddi Gíslasyni 60 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður en liðnar séu 8

vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. nóvember 1918.

Nr. 8/1918.

Loftur Jónsson
gegn
Guðlaugi Br. Jónssyni

D ó m u r :

Dómsgjörðir undirréttarins í þessu máli bera það eigi með sér að sáttatilraun í því hafi farið fram og að því hafi af sáttanefndinni verið vísað til dómstólanna. Það verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirréttinum.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.